

Leiðbeiningar fyrir fyrstu notkun – W8 Kaffivél



Leiðbeiningar:

- Setjið kaffibaunir í kaffibaunageyminn.
- 1. Setjið innstunguna í samband.
- 2. Kveikið á vélinni með On/Off takkanum.
- Nú spyr vélin um tungumál. Til þess að fletta í gegnum tungumálamöguleika notið örvarnar á skjánum.
- 3. Veljið English eða það tungumál sem á við.
- Nú spyr vélin um vatnshörkuna „Water Hardness.“
- 4. Notið örvarnar á skjánum þangað til þið fáið uppgafið „4 dH“ og ýtið á „Save“.
- Næst segir vélin „Filter operation/Insert Filter“.
- 5. Setjið glas eða ílát undir kaffistúta.
- 6. Fjarlægið vatnstankinn, setjið CLARIS Pro Smart+ vatnsfilterinn í vatnstankinn með því að tilla honum á tilheyrandi stað. Fyllið síðan vatnstankinn af vatni og setjið hann aftur í vélina. **(ATH! skoðið leiðarvísir fyrir nánari upplýsingar)**
- Kaffivélina skynjar þegar filterinn er kominn í vatnstankinn.

- „Use filter/Saved“ kemur fram á skjánum, munið að loka filter haldaranum.
7. Fyllið vatnstankinn með hreinu köldu vatni. Nú kemur að því að vélin skolar sig, fyllir allar lagnir og fyllir filterinn.
- Nú kemur „Filter is being rinsed,“ bíðið meðan það klárast. Vatn mun dælast í gegnum filterinn og ofan í affallsbakkann.
 - „System is filling,“ kemur næst. Bíðið á meðan þetta gerist. Þið heyrið hljóðið í dælunni breytast á meðan þetta á sér stað.
 - „Machine is heating,“ og því næst „machine is rinsing“ og að lokum „milk system is being rinsed.“ Leyfið þessu að eiga sér stað
8. „Empty drip tray.“ Fjarlægið affallsbakkann neðst framan á vélinni og tæmið vatn sem hefur safnast þar sem og í korgbakkanum.
- Gefið vélinni smá stund á meðan hún stillir sig af.
9. Vélin er nú tilbúin til notkunar.

Stillingar á kaffidrykkjunum:

10. Hægt er að stilla hitastig, kaffimagn og styrkleika á hverjum kaffidrykk fyrir sig. Til þess að gera það þarf að fara inn í stillingar.
1. Til þess að fara inn í stillingar veljið þið „P“ takkann á skjánum. Notið örvarnar til þess að fletta í gegnum skjásíðurnar, þangað til þið finnið möguleika sem heitir „Expert Mode“.
2. Ýtið á „Expert Mode“ takkann til þess að fara inn í stillingar á kaffidrykkjunum.
3. Nú getið þið valið þann kaffidrykk sem að þið viljið stilla. Hér getið þið breytt vatnsmagni í bolla, hitastigi og styrkleika.
11. Við mælum með því að fara inn í „Coffee“ og láta breyta hitastiginu á kaffibollanum í „high“.